

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um ferðamannastaði á landsvæðum í eigu ríkisins.

Frá Jónönnu Maríu Sigmundsdóttur.

1. Hversu margir ferðamannastaðir á landsvæðum í eigu ríkisins eru merktir með eftirfarandi umferðarmerkjum:
 - a. athyglisverður staður (E02.61),
 - b. gönguleið (E02.62),
 - c. áningarstaður (E02.63),
 - d. útsýni (E02.64),
 - e. útsýni með hringsjá (E02.65),
 - f. fuglaskoðun (E02.66),
 - g. selalátur (E02.67),
 - h. eyðibýli (F17.11)?
2. Hverjir hafa umsjón með þessum ferðamannastöðum og sjá um viðhald, eftirlit, salernis- aðstöðu, þrif o.fl.?
3. Hvaða reglur gilda um þjónustu við ferðamannastaði?

Skriflegt svar óskast.